

Ómar Þróstur Björgólfsson,  
Skipulags- og byggingarfulltrúi Fljótsdalshéraðs  
Lyngási 12  
700 Egilsstaðir



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 9. janúar 2015  
Tilvísun: UST20141200025/ksj

## Lýsing. Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008 - 2028, við Urriðavatn. Tillaga að deiliskipulagi fyrir afþreyingar- og ferðamannasvæði við Urriðavatn.

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfullrúa Fljótsdalshéraðs er barst 4. desember sl. þar sem óskað er umsagnar um lýsingu tillögu að breyttu aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008-2028 við Urriðavatn. Einnig er beðið um umsögn um lýsingu á deiliskipulagi afþreyingar- og ferðamannasvæðis við Urriðavatn.

### Lýsing tillögu að aðalskipulagsbreytingu

Svæðið sem breytingartillagan nær til er við Urriðavatn, 2,5 km norðvestan við Fellabæ, þar sem borholur Hitaveitu Egilsstaða og Fella eru. Áætlanir eru um að koma upp baðstað sem nýst gæti heimamönnum og ferðamönnum á svæðinu. Í gildandi aðalskipulagi er svæðið skilgreint sem landbúnaðarsvæði. Við breytinguna verður allt að 10 ha svæði skilgreint sem afþreyingar- og ferðamannasvæði. Einnig er áætlað að afmarka brunn- og grannsvæði borholanna, en í gildandi aðalskipulagi er svæðið skilgreint sem opið svæði til sérstakra nota. Fyrirhugað er koma upp ylströnd við Urriðavatnið og umhverfis ylströndina er gert ráð fyrir heitum pottum. Úr pottunum er áætlað að vatn muni renna út í ylströndina. Einnig er gert ráð fyrir þjónustuhúsi á svæðinu með búningsklefum, móttöku, eldhúsi og borðsal á 3 ha kjarnasvæði.

### Náttúrufar

Umhverfisstofnun bendir á að skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd njóta stöðuvötn og tjarnir, 1.000 m<sup>2</sup> að stærð eða stærri sérstakrar verndar og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er. Í lýsingu kemur fram að Urriðavatn nær yfir 100 ha. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að við framkvæmdir verði tekið til þeirrar sérstöku verndar er Urriðavatn nýtur skv. ofangreindu, og því verði við áætlanir og framkvæmdir forðast allt óþarfa rask og öll umgengni til fyrirmynadar. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að fjallað verði um gróðurfar og ástand svæðisins ásamt umfjöllun um ástand vatnsins í umhverfisskýrslu aðalskipulagsbreytingartillögu.

## Skipulag við vötn, ár og sjó

Í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 kemur estifsarandi fram í gr. 5.3.2.14: *Í þéttbýli skal lögð áhersla á að almenningur geti komist að og meðfram vötnum, ám og sjó eftir því sem hægt er á viðkomandi svæði. Við afmörkun lóða á sveðum utan þéttbýlis skal þess gætt að rými sé fyrir aðkomu að og meðfram vötnum, ám og sjó. Utan þéttbýlis skal ekki reisa mannvirki nær vötnum, ám eða sjó en 50 m. Þó er heimilt að reisa samgöngumannvirki svo sem brýr og stíflur og fyrirkleðslur í tengslum við virkjanir fallvatna og varnir gegn ágangi sjávar og vatns nær vötnum, ám og sjó en 50 m. Umhverfisstofnun bendir á að við gerð áætlana við Urriðavatn skuli gætt að hindra ekki aðgengi almennings meðfram vatninu og að framkvæmdir verði ekki nær vatninu en 50 m.*

## Lífríki

Fram kemur í lýsingu skipulagstillögu að lífríki er ríkulegt í Urriðavatni og að vatnið er þekkt í dag sem gott veiðivatn. Að mati stofnunarinnar er mikilvægt að fjallað verði um lífríki í Urriðavatni og hver áhrif áætluð starfsemi komi til með að hafa á það í tillögu að breytingu á ofangreindu aðalskipulagi. Í lýsingu kemur fram að áætlað er að um 1 - 4 l/s af um 40 ° heitu vatni renni í ylströndina. Að mati Umhverfisstofnunar er nauðsynlegt að sem skýrastar upplýsingar um feril heita vatnsins komi fram í umhverfisskýrslu breytingartillögunnar og þau áhrif sem gert er ráð fyrir að heita vatnið hafi á lífríki vatnsins og hitastig þess í náttúrulegu ástandi.

## Mengun

Í greinargerð kemur fram að 1 - 4 l/s af um 40° heitu vatni renni í ylströndina/ vatnið. Umhverfisstofnun bendir á að skoða þarf vel áhrif heita vatnsins á lífríki Urriðavatns. Umhverfisstofnun bendir á það sem kemur fram í reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns, í gr. 3 Skilgreiningar, en þar er varmaflæði skilgreint sem mengun, en mengun er þegar örverur, efni og efnasambönd og eðlisfræðilegir þættir valda óæskilegum og skaðlegum áhrifum á heilsufar almennings, röskun lífríkis eða óhreinkun lofts, láðs eða lagar.

## Fráveita

Í tillögu að breytingu á aðalskipulagi þarf að koma fram hvernig fráveita á baðsvæðinu er áætluð og hvernig hreinsun fráveitu verði háttuð. Umhverfisstofnun bendir á að allar áætlanir um fráveitu þurfa að falla að kröfum reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitu og skólp.

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að skoða áhrif af heitu rennsli í Urriðavatn, og bendir stofnunin í því samhengi á breytingar á Þingvallavatni sem hafa orðið vegna hækkanar á hitastigi vatnsins á tilteknu svæði.

Virðingarfyllst

Kristin S. Jónsdóttir  
Kristin S. Jónsdóttir  
Sérfræðingur

Aðalbjörg B. Guttormsdóttir  
Aðalbjörg B. Guttormsdóttir  
Teymisstjóri